

Mál nr. 207/2011
M
og
vátryggingafélagið X v/ slysátryggingar launþega.

Ágreiningur varðandi glötun bótaréttar skv. 1. mgr. 124. gr. vátryggingarsamningalaga.

Gögn.

102. Málskot, móttakið 20.5.2011, ásamt fylgigögnum.

103. Athugasemdir af hálfu X, dags 1.6.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 30.4.2008 lenti M í umferðarslysi er annarri bifreið var ekið aftan á bifreið sem M ók og við það kastadist bifreið M aftan á bifreið fyrir framan hana. Við slysið hlaut M einkum tognun á hálsi. M leitaði samdægurs á slysa- og bráðadeild Landspítalans þar sem tognunin var greind. Hinn 2.9.2008 leitaði M til B bæklunarskurðlæknis. Í vottorði hans, dags. sama dag, segir að M hafi orðið fyrir áverka á háls við aftanákeyrslu. Þennan dag hafi hún verið með talsverð einkenni frá hálsi og höfuðverk. Við skoðun sé hún með eymsli og hreyfiskerðingu en eðlilega taugaskoðun. Þá segir að einkenni þessi komi að öllum líkindum til með að há henni í framtíðinni bæði í daglegu lífi og við vinnu. Ekki sé líklegt að frekari meðferð breyti miklu um einkenni. Með matsgerð, dags. 2.3.2011, var varanlegur miski metinn til 15 stiga og varanleg örorka 20%. Heilsufar M taldist hafa verið orðið stöðugt 30.6.2008. Hinn 16.6.2008 veitti M lögmanni umboð til að gæta hagsmuna sinna gagnvart „þeim sem málið kann að beinast gegn vegna umferðarslyss sem ég varð fyrir þann 30. apríl 2008...“ Í umboðinu er þess getið að M hafi m.a. orðið fyrir meiðslum á baki og hálsi.

M hefur krafist bóta úr slysátryggingu launþega sem vinnuveitandi hennar hafði keypt hjá vátryggingafélaginu X. Var kröfunni komið á framfæri með tjónstilkynningu sem móttakin var hjá X hinn 28.8.2009. X kveður að þá hafi meira en eitt ár verið liðið frá því M fékk fyrst vitneskju um þau atvik sem krafan byggðist á, en það hafi gerst er hún veitti lögmanni sínum umboð. Hún hafi því glatað bótarétti sínum, sbr. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga (vsl.), og var kröfu hennar hafnað.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. vsl. glatar sá rétti til bóta úr slysátryggingu ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Þótt M hafi veitt lögmanni umboð til hagsmunagæslu fyrir sína hönd í júní 2008 eða um einum og hálfum mánuði eftir slysið er ekkert sem gefur tilefni til að ætla að henni hafi verið ljóst á því tímamarki að hún byggi við varanlegar afleiðingar af völdum slyssins. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að M hafi fengið vitneskju um að einkenni hennar væru varanleg fyrr en hún kom til skoðunar hjá B bæklunarskurðlækni 2.9.2008. Þegar tilkynning um tjónið barst X 28.8.2009 var því ekki liðið eitt ár frá því M fékk vitneskju um þau atvik sem krafa hennar er reist á. Hún hefur því ekki glatað rétti sínum til bóta úr slysátryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr slysátryggingu launþega hjá X.

Reykjavík, 21. júní 2011.
Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.